

Afgreiðsla byggingarfulltrúa skv. viðauka 2.4 um embættisafgreiðslur byggingarfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar

Árið 2025, þriðjudaginn 1. apríl kl. 10:00 fyrir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 1201. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn á skrifstofu byggingarfulltrúa 3. hæð Borgartúni 12-14, Gjáin.

Fundinn sátu: Brynjar Þór Jónasson, Edda Þórsdóttir og Sigurður Stefán Karlsson.

Fundaritari var Guðrún Ósk Hrólfsdóttir.

Þetta gerðist:

1. Álfabakki 4 - USK25020022

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK24040057 þannig að gerðar eru breytingar á brunahönnun húss á lóð nr. 4 við Álfabakka.

Erindi fylgir staðfesting á starfsábyrgðartryggingu dags. 30. janúar 2025, greinargerð um brunahönnun dags. 24. mars 2025 og yfirlit breytinga.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

2. Ármúli 38 - USK24060289

Sótt er um leyfi til að breyta notkun skrifstofurýma í íbúðir og byggja svalir á austurhlið 2. hæðar í skrifstofu- og verslunarhúsi, mhl. 03, á lóð nr. 38 við Ármúla.

Erindi fylgir samþykki meðeiganda dags. 23. apríl 2021 og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 3. október 2024.

Frestað. Vísað til athugasemda.

3. Bakkagerði 11 - USK24100344

Sótt er um leyfi til að hækka þak, gera kvist og breyta innra skipulagi ásamt því að gerð er grein fyrir áður gerðum garðskála við einbýlishús á lóð nr. 11 við Bakkagerði.

Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 20. mars 2025 fylgir erindi.

Stækkun: 60,7 ferm.

Eftir stækkun: 257,5 ferm., 738,7 rúmm.

Frestað. Vísað til athugasemda.

4. Barónsstígur 11A - USK24100260

Sótt er um leyfi til að breyta veitingahúsi, mhl.01, í atvinnu- og íbúðarhúsnæði með tveimur íbúðum og til þess að hækka hús nr. 11B, mhl.02, um tvær hæðir og til þess að sameina matshluta 01 og 02 á lóð nr. 11A við Barónsstíg.

Stækkun: 59.7 ferm., 207.1 rúmm.

Erindi fylgir umsögn Minjastofnunar dags. 7. janúar 2025, umsögn burðarvirkishönnuðar dags. 29. september 2020, greinargerð frá hönnuði dags. 4.mars 2025 og 18. ágúst 2020, varmataksútreikningar dags. 30. september 2020 og yfirlit breytinga á aðaluppdrætti samþykktum 23. september 2003.

Frestað. Lagfæra skráningu.

5. Bergstaðastræti 20 - USK25020357

Sótt er um leyfi til að stækka, breyta notkun og innrétta sem vinnustofu bílskúr, mhl.02, á lóð nr. 22 við Bergstaðastræti.

Strækkun: 5.6 ferm.2 xx.x rúmm.

Frestað. Vísað til athugasemda.

6. Blesugróf 27 - USK24120094

Sótt er um leyfi til þess að leggja niður starfsemi dagvistunar, breyta innra skipulagi og notkun húss í einbýlishús á lóð nr. 27 við Blesugróf.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttu samþykktum 3. júní 2008.

Frestað. Vísað til athugasemda.

7. Bolholt 4 - USK24120056

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi og innrétta tannlækna- og tannsmíðastofu á 3. hæð í atvinnuhúsi á lóð nr. 4 við Bolholt.

Erindi fylgir yfirlit breytinga og samþykki meðeigenda vegna breytinga á sameign dags. 11. febrúar 2025.

Frestað. Vísað til athugasemda.

8. Borgartún 28 - USK25020184

Sótt er um leyfi til þess að breyta brunahönnun rýmis 0201 þannig að flóttaleið um stigahús er felld burt og í staðinn bætt við björgunaropi frá fundarherbergi, sjálfstæðu brunahólfi í austurenda 2. hæðar í verslunar- og skrifstofuhúsi, mhl.05 á lóð. 28 við Borgartún.

Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Frestað. Vísað til athugasemda.

9. Borgartún 41 - USK25030332

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN061778 vegna lokaúttektar þannig að gerður er gangur yfir í eldri hluta bílakjallara og eignarhaldi breytt á geymslum í kjallara fjölbýlishúss á lóð nr. 41 við Borgartún.

Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Frestað. Frestað lagfæra skráningu.

10. Breiðhöfði 10 - Niðurrif - USK24110259

Sótt er um leyfi til að rífa mhl. 01, einingaverksmiðju, á lóð nr. 10 við Breiðhöfða. Stærð mhl.01: 3.411,7 ferm, 26.979,5 rúmm.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlitsins.

11. Bryggjugata 2 - USK25030069

Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi USK25030069 vegna lokaúttektar þannig að innra skipulagi íbúðar 0603, er breytt í fjölbýlishúsi, mhl.05 á lóð nr. 2 við Bryggjugötu.
Erindi fylgir yfirlit breytinga

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

12. Bíldshöfði 20 - USK25030033

Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi USK24070126 þannig að innra skipulagi 1. og 2. hæðar er breytt í verslunar- og vörugæmsluhúsi á lóð nr. 20 við Bíldshöfða.

Frestað. Vísað til athugasemda.

13. Bíldshöfði 7 - USK24120222

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK24030214, þannig gerðar eru svalir á austurhlið og millilofti ásamt stiga og lyftu komið fyrir í rými 0102, skrifstofu- og verslunarrými einingarverksmiðju, mhl. 20 á lóð nr. 7 við Bíldshöfða.

Stækkun: xx.x ferm., xx.x rúmm.

Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Frestað. Lagfæra skráningu.

14. Bústaðavegur 81 - USK25030090

Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi USK23050031 þannig að hurðum er snúið við og fyrirkomulagi á salerni barna er breytt í leikskóla á lóð nr. 81 við Bústaðaveg.

Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Frestað. Vísað til athugasemda.

15. Drápuhlíð 14-16 - USK25010222

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi, grafa frá húsi á suðurhlið, byggja hjólaskýli í garði, gera ljósgrýfju á norðurhlið og koma fyrir sorpgerði þar ásamt því að innrétta sex íbúðir í fyrrum heilsugæslu í húsi á lóð nr. 14 við Drápuhlíð.

Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 27. febrúar 2025 fylgir erindi.

Frestað. Vísað til athugasemda. Vísað í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 27. febrúar 2025.

16. Eirhöfði 8 - USK25030302

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK24090157 m.a. bætt við súlum og veggjum í kjallara v/burðar, þak yfir efstu svölum fjarlæggt, lyftustokkar hækkaðir, reyklosunarlúgur færðar og þeim fjölgað, svalir á 1. hæð á norðurhlið minnkaðar og opnun hurða breytt í stigahúsum ásamt því að gerðar eru breytingar á innra skipulagi og útliti fjölbýlishúss á lóð nr. 8 við Eirhöfða.

Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Stærð eftir breytingu: 17.717,1 ferm., 54.074,4 rúmm.

Frestað. Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.

17. Eyjarlóð 1 - USK25020048

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK24050177 sem snýr að matshlutaskráningu auk annarra breytinga (breytingar óljósar) á húsi nr. 1 við Eyjarlóð.

Frestað. Vísað til athugasemda.

18. Frakkastígur 1 - USK25030135

Sótt er um að breyta erindi USK23110212 þannig að eignarhaldi er breytt og eignum er fækkað með því að sameina íbúðir á 5. hæð í íbúð 0501, jafnframt er skráningartafla uppfærð fyrir fjölbýlishús á lóð nr. 1 við Frakkastíg.

Erindi fylgir yfirlit breytinga dags. 23. janúar 2024 og brunagreinagerð dags. 21. nóvember 2023.

Frestað. Vísað til athugasemda.

19. Geirsgata 17 - USK25020326

Sótt er um leyfi breyta innra skipulagi og innréttu kaffihús, veitingastað í flokki ?, tegund ? fyrir ? gesti í rými 0103 og koma fyrir tveimur skiltum á verslunar- og þjónustuhús við Geirsgötu 17, mhl.05, á lóð nr. 2 við Austurbakka.

Frestað. Vísað til athugasemda.

20. Grandagarður 16 - USK24020267

Sótt er um leyfi til þess að gera nýtt hurðargat og koma fyrir eldvarnarhurð milli rýmis 0105 og þurr-lagersgeymslu- og inntaksrýmis, rými 011, í Mathöll Granda á 1. hæð í verkstæðishúsi nr. 16 við Grandagarð.

Erindi fylgir minnisblað hönnuðar vegna breyttrar erindislýsingar dags. 21. mars 2025, umsögn burðarvirkishönnuðar dags. 24. apríl 2024, yfirlit breytinga á teikningum afgreiddum 26. júlí 2022 og yfirlit breytinga á óstimpluðum aðaluppdrætti dags 13. júlí 2022.

Frestað. Vísað til athugasemda.

21. Grenimelur 25 - USK25020131

Sótt er um leyfi til að fá áður gerða íbúð 0001 samþykkt í fjölbýlishúsi á lóð nr. 25 við Grenimel. Erindi fylgir rökstuðningur hönnuðar dags. 11. febrúar 2025 og yfirlit breytinga á afriti af aðaluppdráttum samþykktum 26. maí 1944. Erindinu var synjað á fundi byggingarfulltrúa Reykjavíkur 4. mars 2025.

Ákvörðun byggingarfulltrúa frá 4. mars 2025 er afturkölluð, sbr. 25. stjórnisýslulaga nr. 37/1993, þar sem rökstudd afstaða byggingarfulltrúa til greinargerðar hönnuðar lá ekki fyrir við afgreiðslu málsins.

22. Grensásvegur 24 - USK24060322

Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN055716, með síðari breytingu USK23030024 þannig að hús nr. 24, er hækkað um eina hæð og ásamt húsi nr. 26 klætt utan með álklæðningu, gistihús í flokki II teg b, mhl. 01, á lóð nr. 24 við Grensásveg.

Stækkun: 100.5 ferm., 222.2 rúmm.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttar með rafrænni áritun hönnuðar dags. 29. nóvember 2023 og afrit af aðaluppdrætti sem sýnir að samskonar hækkun var samþykkt 30. nóvember 1972.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

Skilyrt er að gera nýja eignaskiptayfirlýsingu þar sem um er að ræða breytta skráningu á fjöleignarhúsi.

Fyrir útgáfu byggingarleyfis þarf að berast staðfesting frá eignaskiptayfirlýsanda, á tölvupóstfang eignaskiptayfirlýsing@reykjavik.is, um að vinna á nýrri eignaskiptayfirlýsingu er hafin. Eignaskiptayfirlýsingu þarf að þinglýsa fyrir lokaúttekt.

23. Grettisgata 58A - USK24070298

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðri viðbyggingu, sjá erindi USK24050258, á norðurhlið húss með þaksvölum ofaná og til að gera ósamþykka íbúð í kjallara einbýlishúss á lóð nr. 58A við Grettisgötu. Erindi fylgir húsaskoðun byggingarfulltrúa dags. 15. febrúar 2025. Stækkun: XX ferm., xx rúmm. Eftir stækkun: 193,8 ferm., 515,8 rúmm.

Frestað. Vísað til athugasemda.

24. Gæfutjörn 22 - USK25020065

Sótt er um leyfi til þess að setja upp sólarcellur á þak fjölbýlishúss við Gæfutjörn 22, mhl.03 á lóð nr. 2 við Silfratjörn

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

25. Hamrahlíð 17 - USK25020171

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN060168 þannig að innra skipulagi 5. hæðar er breytt auk þess sem gluggum og hurðum á vesturhlið hæðarinnar breytt í samræmi við glugga á 6. hæð í húsi Blindrafélagsins á lóð nr. 17 við Hamrahlíð.

Erindi fylgir greinargerð hönnuðar dags. 11. febrúar 2025 og yfirlit breytinga.

Frestað. Vísað til athugasemda.

26. Haukahlíð 18 - USK25020149

Sótt er um leyfi til að byggja steinsteypt 3-5 hæða fjölbýlishús, 3 stigahús með 85 íbúðum á kjallara með 54 bílastæðum á lóð nr. 18 við Haukahlíð.

Erindi fylgir greinargerð um brunahönnun frá Örugg dags. 10. febrúar 2025, greinargerð hönnunarstjóra um ábyrgðarsvið hönnuða dags. 12. febrúar 2025, greinargerð um hljóðvist frá Myrru dags. 5. febrúar 2025, samgöngumat frá EFLU dags. 30. apríl 2024 og greinargerð hönnuðar dags. 10. febrúar 2025.

Stærð, mhl. 01: 9.172,6 ferm., 26.044,7 rúmm.

Frestað. Vísað til athugasemda.

27. Hraunberg 4 - USK24100195

Sótt er um leyfi til þess að útliti og innra skipulagi rýmis 0103 í verslunar- og þjónustuhúsi á lóð nr. 4 við Hraunberg.

Erindi fylgir yfirlit breytinga dags. 9. nóvember 2021.

Frestað. Vísað til athugasemda.

28. Hraunberg 8 - USK25030333

FSRE hefur veitt heimild til niðurrifs á tveimur mannvirkjum á lóðinni Hraunberg 8 (lóðarnúmer L112205): • Geymslu að stærð 50 m², byggingarleyfi samþykkt 28.10.1982. • Skúr fyrir gaskúta að stærð 10,2 m², byggingarleyfi samþykkt 11.10.1990. Geymslan er skráð í fasteignaskrá HMS (eining 0401), en skúrin er ekki skráður þar.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

29. Hraunberg 8 - USK25010217

Sótt er um leyfi til að byggja tvær einnar hæðar viðbyggingar með tengigangi á milli og yfir í eldra verknámshús Fjölbautarskólans í Breiðholti og verður mhl. 02 á lóð nr. 8 við Hraunberg.

Erindi fylgir greinargerð um brunavarnir frá Örugg dags. 12. janúar 2025, greinargerð um ábyrgðarsvið hönnuða ódagsett, hljóðvistargreinargerð I frá Myrru dags. 16. desember 2024 og orkurammi dags. 15. janúar 2025.

Stærð mhl. 02, A-rými: 2.751,1 ferm., B-rými: 67,5 ferm., 15.991,5 rúmm.

Frestað. Vísað til athugasemda.

30. Hringbraut 121 - USK25030194

Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi USK24040341 þannig að innra skipulagi er breytt á 1. hæð í atvinnuhúsi á lóð nr. 121 við Hringbraut.

Erindi fylgir yfirlit breytinga og hæðarblað dags. 04.2002

Frestað. Vísað til athugasemda.

31. Hverfisgata 33 - USK25030002

Sótt er um leyfi til þess að fækka eignum með því að sameina rými 0101 og 0201 í einn eignarhluta og innrétta veitinga- og samkomuhús í skrifstofuhúsi á lóð nr. 3 við Hverfisgötu. Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Frestað. Vísað til athugasemda.

32. Háagerði 33 - USK25030160

Sótt er um leyfi til þess að stækka kvist á norðurþekju samfara endurnýjun þakklæðningar, koma fyrir nýjum þakglugga á baðherbergi og stækka glugga á norðurgafli rishæðar í raðhúsi á lóð nr. 33 við Háagerði.

Stækkun: xx.x ferm., xx.x rúmm.

Erindi fylgir samþykki meðeigenda á teikningu Atríum nr. 001 dags. 18. febrúar 2025 og yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttar samþykktum 5. ágúst 1954.

Frestað. Vísað til athugasemda. Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

33. Háaleitisbraut 1 - USK24040293

Sótt er um leyfi til þess að byggja 6- hæða fjölbýlishús með 27 íbúðum auk kjallara og bílageymslu, mhl.03, á lóð nr. 1 við Háaleitisbraut.

Stærð Mhl.03: 3.919.7 ferm., 12.021.5 rúmm.

Erindi fylgir auk teikningaskrár, deiliteikning v. lausnar á hæðarmun við svalir, teikn. nr. 31-13 dags. 28. apríl 2024, mæliblað dags 12. mars 2025, lóðauppráttur dags. 29. júlí 2021 og hæðablað dags. 1. mars 2022.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.

Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.

Með vísan til samþykktar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 22. maí 2013, skal lóðarhafi, í samráði við byggingarfulltrúa, setja upp skilti til kynningar á fyrirhuguðum framkvæmdum á byggingarstað.

Í samræmi við samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs dags. 9. október 2013 skal vélknúinn þvottabúnaður vera til staðar á byggingarlóð sem tryggir að vörubílar og aðrar þungavinnuvélar verði þrífarnar áður en þær yfirgefa byggingarstað. Samráð skal haft við byggingarfulltrúa um staðsetningu búnaðarins.

Sérstakt samráð skal haft við yfirverkfræðing byggingarfulltrúa vegna jarðvinnu.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

34. Korngarðar 3 - USK25030245

Sótt er um leyfi til þess að breyta innra skipulagi líttillega, koma fyrir ? fermetra milligólfi úr stáli fyrir vélabúnað og bæta við færiband í rými ? í vöruhúsi á lóð nr. 3 við Korngarða.
Erindi fylgir afrit aðaluppdráttu samþykktum 18. september 2018.

Frestað. Vísað til athugasemda.

35. Krummahólar 53 - USK25030219

Sótt er um leyfi til þess að opna á milli íbúðar í mhl.03, og bílskúrs, mhl.08, breyta notkun og innréttu geymslu í núverandi bílskúr raðhúss nr. 53, á lóð nr. 49-59 við Krummahóla.

Frestað. Vísað til athugasemda.

36. Laugavegur 48B - USK25030246

Sótt er um leyfi til þess að breyta innra skipulagi og innréttu húðflúrstofu í rými 010? í iðnaðarhúsi á lóð nr. 48b við Laugaveg.

Frestað. Vísað til athugasemda.

37. Laugavegur 66-68 - USK25020125

Sótt er um leyfi til þess að innréttu veitingastað í flokki 1 tegund e fyrir 20 gesti í rými 0105 á 1. hæð í hótél- og verslunarhús, mhl.01, á lóð nr. 66-68 við Laugaveg.

Erindi fylgir umsögn Vinnueftirlitsins dags. 10. mars 2025, afrit af þjónustusamningi við Fagtækni dags. 8. maí 2019, teikning samþykkt 18. nóv 2018 og sýnir búningsaðstöðu starfsfólks á 2. hæð og yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttar dags. 4. september 2018.

Frestað. Vísað til athugasemda.

38. Laugavegur 83 - USK25030133

Sótt er um leyfi til þess að breyta innra skipulagi og innréttu veitingastað í flokki 2, tegund a fyrir ? gesti í rými 0101 og koma fyrir nýjum flóttastiga við norðurhlið verslunar- og íbúðarhúss á lóð nr. 83 við Laugaveg. Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 27. mars 2025 fylgir erindi.

Synjað.

Með vísan í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 27. mars 2021.

39. Lág múli 4 - USK25010018

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi og innréttu iðnaðareldhús í rými 0003 í húsi á lóð nr. 4 við Lág múla. Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Frestað. Vísað til athugasemda.

40. Nauthólsvegur 79 - USK24120111

Sótt er um leyfi til þess að byggja fjölbýlishús, mhl.01, 3-5 hæðir auk kjallara með 47 íbúðum og verslun og þjónustu á jarðhæð, og mhl.02 og 03, fjölbýlishús á tveimur hæðum með 8 íbúðum hvort á lóð nr. 79 við Nauthólsveg.

Stærð mhl.01: xx.x ferm., xx.x rúmm.

Stærð mhl.02: xx.x ferm., xx.x rúmm.

Stærð mhl.03: xx.x ferm., xx.x rúmm.

Nýtingarhlutfall:

Erindi fylgir greinargerð hönnuðar dags. 19. mars 2025 og 10. desember 2024, hljóðvistarSKýrsla Myrru dags. 2. desember 2024, greinargerð Öruggr verkfræðistofu um brunavarnir útg. V04 dags. 25. mars 2025 og V02 dags. 12. janúar 2025, mælibleið 1.754.2 dags. 16. júní 2024 og hæðableið dags. 28. maí 2024.

Frestað. Vísað til athugasemda.

41. Njálsgata 84 - USK25030026

Sótt er um leyfi breyta notkun vinnustofu, mhl.02, í aukaíbúð í eigu íbúðar 0301 í fjölbýlishúsi, mhl.01, á lóð nr. 84 við Njálsgötu.

Frestað. Vísað til athugasemda.

42. Norðurstígur 3 - USK25010193

Sótt er um leyfi til að byggja tvær hæðir ofan á núverandi íbúðarhúsi, fjölga eignum og bæta við tveimur íbúðum í íbúðarhúsi á lóð nr. 3 við Norðurstíg.

Stækkun: 126.3 ferm., 440.9 rúmm.

Sambærileg erindi BN053130 og BN057007 voru samþykkt á afgreiðslufundi þann 10. október 2017 og þann 28. janúar 2020 en féllu úr gildi þar sem ekki var gefið út byggingarleyfi.

Erindi fylgir samþykki meðeigenda á teikningum THG arkitekta dagsettum 27. desember 2024, ódagsett minnisbleið Myrru um hljóðvist, afrit af deiliskipulagsupprætti fyrir Norðurstígrreit 1.132.0, auglýst í B-deild Stjórnartíðinda 15. febrúar 2017 og yfirlit breytinga á afriti af aðalteikningum sem samþykktar voru 28. janúar 2020.

Frestað. Vísað til athugasemda.

43. Óðinsgata 13 - USK25020268

Sótt er um leyfi til þess að breyta útliti og innra skipulagi til þess að bæta aðgengi og algilda hönnun íbúðar, og til þess að stækka með glerskála einbýlishús, mhl.02 á lóð nr. 13 við Óðinsgötu.

Stækkun: xx.x ferm., xx.x rúmm.

Erindi fylgir umsögn Minjastofnunar dags. 26. febrúar 2025, greinargerð hönnuðar dags. 21. febrúar 2025, skýrsla vegna sambrunahættu dags. 4. febrúar 2025 og yfirlit breytinga á afriti aðaluppráttar samþykktum 30. ágúst 2005.

Frestað. Vísað til athugasemda.

44. Reykjavíkurlflugvöllur - USK25020044

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðri skrifstofubyggingu og tengigangi við flugskýli 3, mhl.03, á lóð Reykjavíkurlflugvallar.

Stækkun: 74.4 ferm., 259. 2 rúmm.

Frestað. Vísað til athugasemda.

45. Seljavegur 2 - USK25020371

Sótt er um leyfi til að klæða lyftustokk á lóð nr. 2 við Seljaveg.

Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið samanber tölvupóst skipulagsfulltrúa 25. mars 2025.

Frestað. Vísað til athugasemda.

46. Skeifan 8 - USK25030287

Sótt er um leyfi til þess að breyta innra skipulagi rýmis 0201, innréttu dagvist í notkunarflokki 5, starfsemi fyrir vinnu og virkni fatlaðra, jafnframt er lyftuklefa skipt út fyrir stærri klefa, aðgengi bætt að bílastæðum fatlaðra og inngangi verslunar- og skrifstofuhúss á lóð nr. 8 við Skeifuna.

Erindi fylgir greinargerð Örugg um brunavarnir útg. V02 dags. 27. mars 2025, útg. V01 dags. 20. mars 2025 og yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttu samþykktum 12. júní 2018.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

47. Skipholt 15 - USK25030178

Sótt er um leyfi til þess að breyta innra skipulagi og innréttu húðflúrstofu fyrir 3 starfsmenn í rými 0106 á jarðhæð íbúðar- og verslunarhúss á lóð nr. 15 við Skipholt.

Frestað. Vísað til athugasemda.

48. Skipholt 70 - USK25020185

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi og innréttu veitingastað í flokki II, teg ? fyrir alls ? gesti í rými 0101 í verslunar- og íbúðarhúsi á lóð nr. við Skipholt.

Erindi fylgir minnisblað um brunavarnir frá Örugg dags. 24. mars 2025.

Frestað. Vísað til athugasemda.

49. Skrauthólar 5 - USK24080326

Sótt er um leyfi til að byggja einnar hæðar einbýlishús úr timbri á lóð nr. 5 við Skrauthóla.

Stærð: 149,. ferm., 521.1 rúmm.

Erindi fylgir ódagsett greinargerð hönnuðar.

Frestað. Vísað til athugasemda.

50. Snorrabraut 77 - USK24110289

Sótt er um leyfi til að hækka ris og skipta í tvær íbúðir einbýlishúsi á lóð nr. 77 við Snorrabraut. Erindi fylgir yfirlit breytinga og umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 21. janúar 2025..
Stækkun: 44,4 ferm., 157,9 rúmm.
Eftir stækkun; 268,6 ferm.. 778,1 rúmm.

Frestað. Vísað til athugasemda.

51. Spítalastígur 4A - USK24090067

Sótt er um leyfi til að byggja þriggja hæða fjölbýlishús með kjallara á lóð nr. 4 við Spítalastíg. Stærð: 271,2 ferm., 831 rúmm.
Erindi fylgir mæliblað 1.184.0 dags. 23. nóvember 2023.

Frestað. Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.

52. Suðurgata 22 - USK25030271

Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN057600 vegna lokaúttektar þannig að björgunarop í svefnherbergi í kjallara og á 2. hæð eru fjarlægð í húsi á lóð nr. 22 við Suðurgötu. Erindi fylgir afrit af aðaltekningu samþykkttri 8. júní 2021.

Frestað. Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.

53. Suðurlandsbraut 52 - USK25020182

Sótt er um leyfi til þess að breyta innra skipulagi og innréttu verslun með kennslustofu inn af starfsmannaaðstöðu í rými 0101, 0103 og 0104 í skrifstofu- og verslunarhúsi, mhl.04, við Suðurlandsbraut 52 á lóð nr. 46-54 við Suðurlandsbraut. Erindi fylgir yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttar samþykktum 4. nóvember 2008.

Frestað. Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.

54. Templarasund 3 - USK25020267

Sótt er um leyfi til þess að breyta innra skipulagi, leggja niður núverandi veitingarekstur í rýmum 03-0102 og 01-0101 og innréttu morgunverðarsal, opna inn í rými 01-0101 breyta og breyta gestamóttöku hótels við sameina rými breyta aðkomu og móttöku og innréttu morgunverðarsal í rýmum fyrir hótél við Kirkjutorg 4, mhl.03, á lóð nr. 3 Við Templarasund. Erindi fylgir yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttar samþykktum 18. mars 2014.

Frestað. Vísað til athugasemda.

55. Vitastígur 14 - USK25020373

Sótt er um leyfi til þess að breyta skráningu vegna gerðar eignaskiptasamnings fyrir fjölbýlishús á lóð nr. 14 við Vitastíg.

Frestað. Vísað til athugasemda.

56. Viðarás 26 - USK25020212

Sótt er um opna á milli bílskúrs og íbúðarhúss, breyta notkun og innrétta íbúðarrými, þ.e. svefnherbergi, sjónvarpsherbergi, baðherbergi og geymslu, auk þess settir eru gluggar í stað bílskúrshurðar á einbýlishúsi á lóð nr. 26 við Viðarás.

Frestað. Vísað til athugasemda. Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

57. Ægisíða 60 - USK23070269

Sótt er um leyfi til þess að rífa og endurbyggja með breytingum á burði og útliti svalir íbúðarhúss, mhl.01, á lóð nr. 60 við Ægisíðu.

Erindi fylgir ódagsett greinargerð hönnuðar, byggingarlýsing dags. 15. maí 2023, ódagsett skýrsla um ástand og endurbætur ásamt verkáætlun og yfirlit breytinga á afriti af aðalteikningum samþykktum 21. júní 2014.

Frestað. Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

Fundi slitið kl. 11:40

Brynjar Þór Jónasson
Edda Þórsdóttir
Sigurður Stefán Karlsson
Guðrún Ósk Hrólfsdóttir